

# ATVINNUMÁLASTEUFNA UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU 2023-2027



**BLÁSKÓGABYGGÐ**



**GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR**



**HRUNAMANNA-  
HREPPUR**



**SKEIÐA- OG  
GNÚPVERJAHREPPUR**



# FORSENDUR

Uppsveitir Árnessýslu nefnist svæðið frá Þingvöllum að Þjórsá og spannar það fjögur sveitarfélög, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Löng hefð er fyrir samstarfi sveitarfélaganna í ýmsum málaflokkum og nú við mótun sameiginlegrar atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Hvert sveitarfélag hefur sína sérstöðu, en stefnan tekur til atvinnulífs á svæðinu í heild. Uppsveitirnar eru eitt stórt atvinnu- og búsetusvæði og sveitarfélögin hafa sameiginlega hagsmuna að gæta í málaflokknum. Algengt er að íbúar eigi lögheimili í einu sveitarfélagi en starfi í öðru. Atvinnumálastefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands og tölulegum upplýsingum frá SASS sem tengjast atvinnumálum á svæðinu.

Stærstu atvinnugreinar Uppsveitanna eru hefðbundinn landbúnaður, garðyrkja og ferðaþjónusta auk þess sem ýmis afleidd störf verða til í kringum þessar greinar. Mál manna er að auka þurfi enn frekar fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu.


Eigandi og ábyrgðaraðili atvinnumálastefnunnar eru sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnessýslu. Lagt er til að sameiginlegur byggðapróunarfulltrúi sveitarfélaganna annist árlegt stöðumat.

# FERLIÐ





# SAMFÉLAG OG ATVINNULÍF

## ÍBÚAFJÖLDI




## HELSTU ATVINNUVEGIR



## ATVINNUTEKJUR

- vegið meðaltal einstaklinga í þús.kr.



# SVÓT GREINING

S

## Styrkleikar

- Náttúra
- Orka
- Matvælaframleiðsla
- Ferðaþjónusta
- Gott samfélag
- Friðsæld
- Kyrrð

V

## Veikleikar

- Innviðir
- Samgöngur
- Takmörkuð þjónusta

Ó

## Ógnanir

- Fábreytt atvinnulíf
- Skortur á vinnuafli
- Skortur á húsnæði

T

## Tækifæri

- Nýsköpun
- Orkunýting
- Fjarvinna
- Menntun
- Fjölbreytni í atvinnulífi
- Sjálfbærni
- Nýir íbúar

# FRAMTÍÐARSÝN



Uppsveitir er eftirsóttur og fjölskylduvænn staður til búsetu



Uppsveitir er þekkt fyrir að vera matarkista Suðurlands




Í Uppsveitum knýr orkuframleiðsla fjölbreytt störf framtíðarinnar




Uppsveitir þar sem landbúnaður og ferðapjónusta taka sameiginlega á móti þér

# MARKMIÐ

- 1** Auka fjölbreytileika starfa
- 2** Fjölga óstaðbundnum störfum
- 3** Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði
- 4** Að orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu
- 5** Fjölga nýsköpunarverkefnum
- 6** Tryggja nægt framboð lóða
- 7** Auka dvalartíma ferðamanna



# ÁHERSLUR



<b>1</b>	<b>ÞÁTTTAKA ALLRA</b> Tryggja þátttöku allra í samfélögunum óháð uppruna	<b>2</b>	<b>UPPBYGGING INNVIÐA</b> Að uppbygging innviða styðji við þarfir íbúa og fyrirtækja	<b>3</b>	<b>NÝIR ÍBÚAR</b> Laða að nýja íbúa sem taki þátt í atvinnuuppbyggingu	<b>4</b>	<b>HÚSNÆÐI</b> Húsnæði fyrir alla
<b>5</b>	<b>LISTIR OG MENNING</b> Listir og menning verði í auknum mæli nýtt til atvinnusköpunar	<b>6</b>	<b>FÉLAGSAUÐUR</b> Efla og styrkja félagsauð samfélaganna	<b>7</b>	<b>ÓSTAÐBUNDIN STÖRF</b> Koma upp aðstöðu fyrir óstaðbundin störf dreift um svæðið	<b>8</b>	<b>FRUMKVÖÐLAR</b> Efla stuðning við frumkvöðla og sprotafyrirtæki
<b>9</b>	<b>ÓLÍK BYGGÐARLÖG</b> Efla hvorutveggja uppbyggingu byggðakjarna og búsetu til sveita	<b>10</b>	<b>NÚVERANDI REKSTUR</b> Styðja við núverandi rekstur á svæðinu og möguleika hans til frampróunar	<b>11</b>	<b>SJÁLFBÆRNI</b> Að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í atvinnusköpun til framtíðar	<b>12</b>	<b>SAMGÖNGUR</b> Bættar samgöngur



# AÐGERÐIR

**1** KYNNINGARÁÆTLUN

**2** FRAMBOÐ LÓÐA

**3** HÚSNÆÐISÁÆTLUN

**4** FYRSTA HÚSNÆÐI

**5** MÓTTÖKUÁÆTLUN

**6** ORKUPÖRF

**7** RAFORKUKOSTNAÐUR

**8** NÝSKÖPUNARSTUÐNINGUR

**9** ÓSTAÐBUNDIN STÖRF

**10** MENNTUN & AÐSTAÐA

**11** ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ

**12** SKAPANDI GREINAR

**13** ALMENNINGSAMGÖNGUR

**14** MATVÆLAREGLUGERÐIR

**15** MATVÆLASTUÐNINGUR

# 1 KYNNINGARÁÆTLUN

Unnið verður að kynningaráætlun fyrir svæðið og henni framfylgt til eflingar á ímynd Uppsveita.

- Orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Og fleira, fer eftir áherslum í kynningaráætlun

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og byggðapróunarfulltrúi

Gerð kynningaráætlunar lokið 1.4.2024



VERKEFNI



MARKMIÐ & ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

# 2 FRAMBOÐ LÓÐA

Kortlagning og kynning á framboði lóða. Upplýsingum og kynningu á framboði verði komið í reglubundinn farveg.

- Tryggja nægt framboð lóða (M.6)
- Húsnæði (Á.4)
- Ólík byggðarlög (Á.9)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Kortlagningu og kynningu lokið 1.7.2024  
Upplýsingar og kynning komið í farveg 2024

# 3 HÚSNÆÐISÁÆTLUN

Sameiginleg kynning á húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna gagnvart íbúum og mögulegum framkvæmdaraðilum.

- Húsnæði (A4)
- Uppbygging innviða (Á2)

Sveitarstjórnir og sveitarstjórar  
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Kynningu verði lokið 1.9.2024

## 4 FYRSTA HÚSNÆÐI

Auka framboð af fyrsta húsnæði fyrir þá sem vilja flytja á svæðið, með gerð sameiginlegrar áætlunar.

- Húsnæði (Á.4)
- Nýir íbúar (Á.3)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar  
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Tillögugerð að sameiginlegri húsnæðisáætlun lokið fyrir 1.9.2024

## 5 MÓTTÖKUÁÆTLUN

Samstarfsverkefni komið á um móttöku nýrra íbúa. Stofnaður vinnuhópur sem annast gerð sameiginlegrar móttökuáætlunar.

- Nýir íbúar (A3)
- Uppbygging innviða (Á.2)
- Þátttaka allra (Á.1)

Sveitarstjórnir, byggðapróunarfulltrúi  
og sérstakur vinnuhópur

Tillögugerð að móttökuáætlun lokið fyrir 31.12.2024

## 6 ORKUPÖRF

Gera áætlun um framtíðarþörf á heitu og köldu vatni og rafmagni og leggja fram áætlun um úrbætur. Greina núverandi framboð og gera upplýsingarnar aðgengilegar gagnvart atvinnulífinu.

- Að orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Uppbygging innviða (Á.2)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og  
byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar veitur

Orkupörf hafi verið metin fyrir lok árs 2023  
Sífelluverkefni að tryggja orku miðað við þarfir og  
uppbyggingu, 2023-2027



VERKEFNI



MARKMIÐ &  
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

## 7 RAFORKUKOSTNAÐUR



VERKEFNI



MARKMIÐ &  
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Styðja við hagsmunabaráttu garðyrkjunnar og fyrirtækja í iðnaði varðandi raforkuverð. Þrýsta á um jöfnun á flutningskostnaði.

- Að orka verði í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Núverandi rekstur (Á.10)

Sveitarstjórnir

Þrýsta á stjórnvöld, sífelluverkefni 2023-2027

## 8 NÝSKÖPUNARSTUÐNINGUR

Efla stuðning við nýsköpun á svæðinu með ráðgjöf, fræðslu og upplýsingamiðlun. Sérstök áhersla á nýsköpunarstarf barna og ungmenna með samstarfi við skólakerfið.

- Auka fjölbreytileika starfa (M.1)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)

Byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar skólar og fræðslunefndir  
stoðkerfi/byggðasamlög

Stoðkerfið kortlagt fyrir 31.12.2023 og upplýsingar um stoðkerfi innleiddar í kynningaráætlun. Samstarfsfundur haldinn með grunnskólum fyrir 31.5.2024 um möguleg samstarfsverkefni.

## 9 ÓSTAÐBUNDIN STÖRF

Fjölga óstaðbundnum störfum með bættri aðstöðu, kortlagningu og kynningu á mismunandi aðstöðu á svæðinu.

- Fjölga óstaðbundnum störfum (M.2)
- Auka fjölbreytileika starfa (M.1)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar atvinnumálanefndir

Kortlagningu á aðstöðu lokið 1.3.2024  
Gera stöðumat og kynna fyrir lok árs 2024

## 10 MENNTUN & AÐSTAÐA



VERKEFNI



MARKMIÐ & ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Framkvæmdaraðilum falið að skila greinargerð um stöðumat og tillögur til að auka aðgengi og aðstöðu til menntunar, fjarnáms, símenntunar og íslenskunáms á svæðinu.

- Páttaka allra (Á.1)
- Nýir íbúar (Á.3)
- Félagsauður (Á.6)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar skólar, fræðslunefndir,  
byggðasamlög/stoðkerfi

Parfaggreining og möguleikar metnir fyrir 31.12.2024

## 11 ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ

Efla samstarf og upplýsingamiðlun milli fyrirtækja og hagaðila á svæðinu um vörupróun og þjónustuframboð allt árið.

- Auka dvalartíma ferðamanna (M.7)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Efla nýsköpunarhugsun (M.5)

Byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar: atvinnumálanefndir, fyrirtæki og  
hagaðilar

Efnt til samráðsfunda að hausti, hvert ár 2023-2027

## 12 SKAPANDI GREINAR

Kortleggja aðstöðu til listsköpunar og á sviði skapandi greina. Gera aðstöðuna aðgengilega og kynna. Skoða breytingar á hlutverki bókasafna í því samhengi. Efla samstarf við Listasafn Árnesinga.

- Listir og menning (Á.5)
- Félagsauður (Á.6)
- Efla nýsköpunarhugsun (M.5)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar menningarmálanefndir

Kortlagning og kynning fyrir árslok 2024  
2023-2027: Viðburðir, samstarf

## 13 ALMENNINGSSAMGÖNGUR



VERKEFNI



MARKMIÐ &  
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Vinna að þarfagreiningu og tillögum til úrbóta til aukinna og bættra almenningssamgangna. Nýsköpun í almenningssamgöngum innan svæðis.

- Uppbygging innviða (Á.2)
- Samgöngur (Á.12)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi

Parfagreining og tillögur að úrbótum tilbúið fyrir 1.4.2025

## 14 MATVÆLAREGLUGERÐIR

Einfalda reglugerð um matvælaframleiðslu í héraði og hrinda úr vegi hindrunum fyrir nýja framleiðendur. Unnið verði að stuðningi við hagsmunabaráttu hagaðila.

- Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði (M.3)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Sveitarstjórnir  
Mögulegir samstarfsaðilar: Beint frá býli, Samtök smáframleiðenda og hagaðilar á svæðinu

Sveitarfélög þrýsti á um breytingar fyrir 31.12.2025

## 15 MATVÆLASTUÐNINGUR

Framleiðendur matvæla, afurðir og sölustaðir kortlagðir og kynntir. Kortleggja mögulega aðstöðu til fullvinnslu afurða á svæðinu (vottuð eldhús) og gera aðstöðuna aðgengilega/kynna fyrir frumkvöðlum. Efna til samstarfsverkefna og matarhátíðar.

- Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði (M.3)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Byggðapróunarfulltrúi  
Samstarfsaðilar atvinnumálanefndir, matvælaframleiðendur, veitingastaðir og aðrir hagaðilar

Kortlagningu lokið og hún innleidd í kynningaráætlun fyrir 1.4.2024  
Samráðsfundur um matarhátíð fari fram fyrir 1.5.2024.

# LOKAORÐ

Fjölmargir komu að gerð atvinnumálastefnu Uppsveitanna og er þeim þökkuð þátttakan. Leitast var við að setja fram raunhæf markmið og að unnt verði að mæla framvindu. Stefnan er sett fram á einfaldan máta og til skamms tíma, en gert ráð fyrir árlegu stöðumati. Stefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands.

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi á undanförnum árum, atvinnusvæði stækkað, miklar tækniframfarir og störf án staðsetningar orðið til. Í vinnuferlinu kom meðal annars fram mikilvægi þess að auka fjölbreytni starfa á svæðinu, styðja við fyrirtæki og ungt fólk og taka vel á móti nýjum íbúum. Uppsveitirnar eru ríkar af náttúruauðlindum, sérstaðan er náttúra, orka og matvælaframleiðsla. Aðdráttarafl svæðisins er mikið gagnvart ferðamönnum en kynna þarf svæðið betur gagnvart nýjum íbúum og tækifærum. Tækifæri eru til staðar til uppbyggingar fjölbreytts atvinnulífs. Mikilvægt er að efla innviði og þar voru samgöngur títt nefndar, einkum almenningsamgöngur innan svæðis.

Ljóst er að bjartir tímar eru framundan í Uppsveitum Árnessýslu, mikil uppbygging er í gangi og fjölmörg spennandi verkefni í farvatninu. Í vinnu við atvinnumálastefnu kom fram að mikilvægt er að halda á lofti jákvæðri ímynd og miðla upplýsingum um þau gæði sem Uppsveitirnar hafa uppá að bjóða fyrir íbúa og fyrirtæki. Sveitirnar vaxi til framtíðar, en að uppbygging haldi í við þá þróun sem þarf að eiga sér stað.

# HEIMILIDIR OG ÍTAREFNI

## Umsjón með stefnumótun

Pórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS, [www.sass.is](http://www.sass.is)  
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita

## Vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi

Bláskógabyggð: Steindóra Kristín Þorleifsdóttir og Sölvi Arnarsson  
Grímsnes- og Grafningshreppur: Anna Katarzyna Wozniczka og Anna María Daníelsdóttir  
Hrunamannahreppur: Herbert Hauksson og Nina Faryna  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

## Umsjón með atvinnumálalapingi Uppsveita

Hafdís Huld Björnsdóttir, [www.rata.is](http://www.rata.is)

## Uppsetning, útlit og yfirferð stefnu

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, fyrir SASS

## Heimildir og ítarefni

Vefur Byggðastofnunar: [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)  
Sóknaráætlun Suðurlands: [www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands](http://www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands)  
Handbók SASS um gerð atvinnustefnu fyrir sveitarfélög og svæðihandbók gerð atvinnustefnu



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS



BLÁSKÓGABYGGÐ



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



HRUNAMANNA-  
HREPPUR



SKEIÐA- OG  
GNÚPVERJAHREPPUR



# UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU

